

88. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
08. 11. 2017 kl. 8:15 – 9:30

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Þorvarður Árnason

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason og Eyrún Helga Ævarsdóttir.
Fjarverandi: Vilhjálmur Magnússon, Helga Árnadóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Katrín Jónsdóttir.

1. Leiguhúsnæði fyrir tímabundna starfsmenn og nemendahópa

Eyjólfur ræddi skort á gistirými fyrir nemendur, kennara og fræðimenn sem koma til lengri eða skemmri tíma. Ræddur var sá möguleiki að aðilar innan Nýheima sameinist um leigu á húsnæði. Eyjólfur mun kalla saman þá sem áhuga hafa á verkefninu.

2. Þjónusta NP við háskólanemendur

Hugrún Harpa greindi frá því að færslan á þjónustu við háskólanema yfir til Nýheima þekkingarseturs frá Háskólafélagi Suðurlands sé langt komin og sér starfsfólk NP nú um próftöku í Nýheimum.

Umræður sköpuðust um nemendaaðstöðu í húsinu og þjónustu við háskólanema á Hornafirði og ræddar ýmsar mögulegar útfærslur á þeirri þjónustu sem þekkingarsetrið mun nú veita háskólanemum. Forstöðumanni er falið að koma með tillögu að útfærslu á þjónustu við nemendur á næsta fund stjórnar.

3. Endurnýjun samnings við SASS

Hugrún Harpa greindi frá því að hún og Kristín formaður stjórnar funduðu með fulltrúum SASS um endurnýjun samstarfssamnings. Ljóst er að gagnkvæmur vilji er til áframhaldandi samstarfs og unnið verður að endurnýjun samnings milli stofnananna.

4. Endurnýjun samnings við MMRN

Hugrún Harpa greindi frá stöðu mála varðandi endurnýjun samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Umbeðnum gögnum var skilað á tilsettum tíma til ráðuneytisins og vonast forstöðumaður til þess að heyra frekar af málinu í þessum mánuði.

5. Næstu fundir stjórnar

Þar sem vinnufundur stjórnar í október féll niður var ákveðið að næsti fundur stjórnar, þann 6. desember, verði bæði stjórnar- og vinnufundur og því í lengra lagi. Hugrún vakti máls á því að fundir stjórnar hafi undanfarið verið tímasettir frá 8:15 – 9:30 en skuli með réttu, samkvæmt fundargerð 51. stjórnarfundar, vera frá 8:15 – 9:45, miðað verður við þann fundartími hér eftir. Formaður stjórnar áréttaði mikilvægi þess að fyrirfram settir fundir stjórnar og vinnufundir haldi sér og að fulltrúar í stjórn svari fundarboðum og boði forföll.

6. Önnur mál

Eyjólfur sagði frá þeirri hugmynd um sameiginlegt skrifstofuhald nokkra aðila í húsinu og sameiginlega móttöku hússins á Menningarmiðstöð. Stefnt er að því að gera tilraun varðandi þessa þætti til eins árs. Eyjólfur mun boða aðila tengda málinu á fund.

Fundi slitið klukkan 09:35



Hugran Harpa Reynisdóttir